

földu fangelsi í 5 daga. Auk þess hafa þeir með framferði sínu brotið gegn ákvæðum 20, greinar áfengislaganna og þykir refsing þeirra hvors um sig fyrir það hæfilega ákveðin 50 króna sekt, er renni í rikissjóð og afplánist með einföldu fangelsi í 3 daga, verði hún eigi greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði Birni Bl. Jónssyni in solidum kr. 54.00 í skaðabætur. Loks greiði þeir in solidum allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 27. febr. 1931.

Nr. 78/1931. **Haraldur Ámundínusson**

(Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Öldu Valdimarsdóttur og Bjarna Svavars (Enginn).

Barnsfaðernismál.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 6. júní 1930: Kærðir, Bjarni Svavars og Haraldur Ámundínusson, greiði in solidum meðlag með barni því, er kærandinn, Alda Valdimarsdóttir, gegnur með, og barns-fararkostnað til hennar eftir úrskurði yfirvalds svo og 20 krónur í málskostnað.

Dóminum skal fullnægt að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefir verið áfrýjað til hæstaréttar með stefnu, dags. 9. sept. f. á., en hvorugt hinna stefndu hefir mætt eða látið mæta, þótt þeim hafi verið löglega stefnt og hefir málið því verið flutt skriflega og er dæmt samkvæmt N. L. I—4—32 og 2. gr. tilsk. 3.. júní 1796.

Áfrýjandi hefir krafizt þess, að hann verði sýknaður af kröfum stefndu, Öldu Valdimarsdóttur, og að hún verði dæmd til að greiða sér málskostnað eftir mati réttarins.

Fyrir lögregluréttinum voru þau áfrýjandi og stefnda, sammála um það, að þau aðeins einu sinni hefðu haft holdlegar samfarir, er geti skipt máli um úrlausn þessa máls og að þær samfarir hafi átt sér stað þ. 6. okt. 1929. Hinsvegar hefir áfrýjandi, að fengnu leyfi, lagt fram af nýju vottorð ljósmóður um, að barn það, er ræðir um í máli þessu, hafi fæðzt fullburða þ. 23. ágúst f. á. — og þar sem nú verður að telja það útilokað, að barn það, er stefnda ól 23. ágúst f. á. geti verið ávöxtur af samförum hennar við áfrýjanda, 6. okt. næsta ár áður, þá verður að sýkna áfrýjanda af kröfum stefndu í máli þessu, enda er það einnig upplýst, að stefnda hefir haft tíðir 3—4 vikum eftir samfarir hennar við áfrýjanda.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefnda, Alda Valdimarsdóttir, greiði áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti, er ákveðst 100 kr.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Haraldur Ámundínusson, á að vera sýkn af kröfum stefndu, Öldu Valdimarsdóttur, í máli þessu.

Stefnda greiði áfrýjanda 100 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Ár 1930, föstudaginn 6. júní var lögregluréttur Reykja-

víkur settur í skrifstofu lögmannsins í Suðurgötu 4 og haldinn af fulltrúa hans, Kristjáni Kristjánssyni, með undirrituðum vottum. Fyrir var tekið:

I. Barnsfaðernismálið:

Alda Valdimarsdóttir

gegn

Bjarna Svavars og Haraldi Ámundínussyni.

Var í málinu uppkveðinn svofelldur

dómur:

Samkvæmt vottorði Ólafs Þorsteinssonar, læknis hér í bæ, dags. 20. maí þ. á., áritað af Magnúsi Péturssyni, bæjarlækni, 21. s. m., faðir ógift stúlka að nafni Alda Valdimarsdóttir, til heimilis í Ránargötu 8 A hér í bænum, barn um mánaðamótin júlí—ágúst þ. á. Föður að þessu barni sinu hefir kærandi tilnefnt Bjarna Svavars, til heimilis á Laugaveg 57 hér í bænum. Hann hefir ekki viljað kannast við faðernið og er því mál þetta eftir árangurslausa sáttatilaun og eftir kröfu kæranda höfðað gegn honum og hefir hún krafizt þess, að hann yrði dæmdur faðir að barni því, er hún gengur með, til að greiða meðlag með því og barnsfararkostnað til sín eftir úrskurði yfirvalds, svo og málskostnað að skaðlausu. Þá hefir hún síðar í málinu gert þá varakröfu, að ef aðalkrafa hennar yrði ekki tekin til greina, að kærður ásamt Haraldi Ámundínussyni, rakara, til heimilis á Vitastíg 14, hér í bænum, yrðu dæmdir in solidum meðlagsskyldir með barni því, er hún gengur nú með og jafnframt til að greiða barnsfararkostnað til sín eftir úrskurði yfirvalds svo og málskostnað að skaðlausu.

Framburður kæranda er á þá leið, að hún hafi þekkt kærðan, Bjarna, í ein þrjú eða fjögur ár og haft holdlegt samræði við hann alltaf öðru hvoru. Síðastliðið sumar kveðst kærandi hafi verið á Akureyri, en komið þaðan í byrjun októbermánaðar og kveður hún að þau, hún og kærður, Bjarni, hafi frá þeim tíma og fram eftir vetrinum haft oftlega holdlegt samræði saman. Þá viðurkennir hún, að hún hafi fyrr meir haft holdlegt samræði við fleiri karlmenn, en sérstaklega getur hún þess, að hinn 6. október síðastliðið haust hafi hún haft holdlegt samræði við mann að nafni Haraldur Ámundínusson, rakari, til heim-

lis á Vitastíg 14, hér í bænum. Hún heldur því fram, að það geti tæplega verið að hann sé faðir að barninu, með því að hann hafi haft verjur og hyggur hún, að það hafi verið fullnægjandi vörn þess, að sæði hans félli í sig.

Kærður Bjarni hefir viðurkennt, að hafa haft holdlegt samræði við kæranda jafnvel í október og þá í nóvember og dezember, en hann hefir haldið því fram, að ýmsir aðrir muni hafa haft holdlegt samræði við kæranda á sama tíma, án þess þó að geta tilgreint nokkra.

Þá hefir Haraldur Ámundinsson og viðurkennt, að hafa haft holdlegt samræði við kæranda á þeim tíma, er hún tiltók, eða 6. október síðastliðinn, en hann hefir haldið því fram; að hann hafi haft verjur og fullyrðir hann það, að þótt honum hafi orðið sáðfall, þá hafi ekkert af því farið inn í kæranda, heldur hafi allt orðið eftir í verjunni.

Það verður að lita svo á, að ekki sé unnt að dæma nokkurn föður að fóstri því, er kærandi gengur með, þegar af þeirri ástæðu, að upplýst er í málinu, að kærandi hafi haft holdlegt samræði við tvo karlmenn á þeim tíma, er fóstrið geti verið getið með tilliti til réttarskjals nr. 1, og þótt kærandi og kærður, Haraldur, séu sammála um það, að við samræði þeirra, er fram fór 6. október síðastliðinn, hafi sæði hans ekki getað farið inn í kæranda vegna verjunnar, þá getur rétturinn ekki tekið það til greina.

Úrslit máls þessa verða því þau, hér fyrir réttinum, að enginn verður dæmdur faðir fósturs þess, er kærandi gengur með. Hinsvegar þykir rétt að dæma hina kærðu, Bjarna Svavars og Harald Ámundinsson, til þess að greiða in solidum meðlag með barni kæranda, Öldu Valdimarsdóttur, og barnsfararkostnað til hennar eftir úrskurði yfirvalds svo og 20 krónur í málskostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

